Aðalfundur FKM 16-03-2019

Fundur settur kl. 10:02

Dagskrá fundarins, venjuleg aðalfundarstörf eins og auglýst var í fundarboði sem sent var út þann XX. 02. 2018:

1. Formaður FKM Bára Einarsdóttir bauð fundarmenn velkomna og lýsti fundinn löglegan þar sem að 28 félagar voru mættir og fjórir félagar höfðu sent inn umboð sitt og setti fundinn.
2. Umboð til kosninga:
   Eyjólfur Sigurðsson lét Hjört Þór Hauksson hafa umboð sitt.
   Sigurjón Valsson lét Jamil Allansson hafa umboð sitt.
   Guðmundur Ásgeirsson lét Orra Eyríksson hafa umboð sitt.
   Jóhann Kristinsson lét Pétur Jökul hafa umboð sitt.
3. Orri Eiríksson var valinn fundarstjóri og stakk hann upp á Valdimar Einarssyni sem fundarritara, sem var samþykkt.
4. Formaður FKM Bára Einarsdóttir flutti skýrslu formanns.

5. Hjörtur Þór Hauksson gjaldkeri FKM kynnti reikninga klúbbsins
   Hjörtur benti félagsmönnum á að nota frekar bílabensín á TF-RJC en flugvélabensín vegna kostnaðar.
   Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar, voru þeir samþykktir einróma.

6. Halldór Jónsson flutti skýrslu og kynnti reikninga BIMS ehf (sjá viðhengi).
   Útselt eldsneyti er selt á ca. 298.

7. Halldór Jónsson flutti skýrslu umsjónarmanns flugvélar FKM TF-RJC (sjá viðhengi).
   Reikningar TF-RJC bornir upp til samþykktar.
   Engin gerði athugasemdir við skýrsluna og reikninga BIMS ehf eða TF-RJC og voru þeir því samþykktir einróma saman.

8. Lagabreytingar:
   Eftirfarandi lagabreytingar höfðu borist löglega fyrir fundinn:

   a. Tillaga frá Stefáni Sigurðssyni:

   4.gr. breytist svo:
   Fullgildir félagar geta einungis verið þeir einstaklingar sem greitt hafa inntöku- og árgjöld og eru skuldlausir við FKM á aðalfundi.
   Stjórn skal samþykkja umsókn um inngöngu nýrra félaga með fyrirvara um samþykki aðalfundar ~~félagsfundar~~.
   Umráðamenn aðstöðu, á svæði FKM, skulu vera fullgildir félagar í FKM.

   6.gr breytist svo:
   Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
   1. Kosning fundarstjóra.

2. Skýrsla formanns fyrir liðið ár.
3. Skoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar í samræmi við fimmtu grein laganna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Félags- og inntökugjöld ákveðin.
8. Samþykki nýrra félaga.

b. Síðan barst önnur tillaga frá stjórn FKM:

5.gr breytist svo:
Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum.
Formaður skal kosinn til tveggja ára. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, að jafnaði tveir á hverjum aðalfundi.
Kosnir tveir varamenn til eins árs. Stjórn skiptir með sér störfum.
Segi stjórnarmaður af sér, eða verði af öðrum orsökum ófær um að gegna störfum stjórnarmanns, skal á aðalfundi eða löglega boðum félagsfundi kjósa mann í hans stað. Skal fyrsta kjörtímabil þess sem kosinn er vera hið sama og þess stjórnarmanns sem gekk úr stjórn.
Framboð til stjórnar skal senda til stjórnar fyrir 1. febrúar með rafpósti (e-mail) fkm@fkm.is
Kosnir eru tveir skoðunarmenn reikninga, til eins árs

6.gr breytist svo:

Aðalfund skal halda í mars mánuði ár hvert og skal boðað til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara annað hvort með bréf pósti eða rafpósti (e-mail).
~~Aðalfundur er löglegur svo fremi sem a.m.k. 1/5 hluti fullgildra félagsmanna sé mættur á fundinn. Ef ónóg mæting er á aðalfundi skal boðað til nýs aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara og telst sá fundur löglegur óháður mætingu.~~

Orri skýrið lagabreytingarnar út fyrir fundarmönnum og voru þær ræddar.

Lagabreytingarnar voru bornar upp til atkvæða og voru samþykktar einróma.

9. Kosning stjórnar:
   a. Núverandi stjórn var kynnt en hana skipa:
      i. Bára Einarsdóttir – Formaður
      ii. Hjörtur Þór Hauksson – Gjaldkeri
      iii. Valdimar Einarsson – Ritari
      iv. Sigurjón Valsson – Meðstjórnandi
      v. Halldór Jónsson - Meðstjórnandi
      vi. Jamil Allansson – Varamaður í stjórn
      vii. Einar Páll Einarsson – Varamaður í stjórn
   b. Formaður FKM stendur til kjörs.
      Bára Einarsdóttir gefur kost á sér til endurkjörs.
   c. Stjórnarmenn sem eiga standa til endurkjörs eru Hjörtur Þór Hauksson og Sigurjón Valsson, þeir gefa báðir kost á sér til endurkjörs.

d. Báðir varamenn standa til endurkjörs þeir Einar Páll Einarsson og Jamil Allansson, þeir gefa báðir kost á sér til endurkjörs.
e. Skoðunarmenn reikninga eru Eyjólfur Sigurðsson og Þengill Oddson.

Engin bauð sig fram til formanns og var því núverandi formaður Bára Einarsdóttir kjörin formaður FKM til tveggja ára.

Engin bauð sig fram til stjórnarsetu og var því stjórnarmenn sem stóðu til kjörs kjörnir áfram til tveggja ára stjórnarsetu.

10. Félags- og inntökugjöld :

Inntökugjald er 80.000,-

Árgjald er: 20.000,- (rukkað tvisvar á ári 10.000,- í hvort skipti)

Endurkomu gjald er 40.000,- ef að menn koma inn aftur eftir tveggja ára hlé eða minna.

Fundarmenn ræddu félagsgjöldin og hvernig þau voru hugsuð í upphafi.

Þengill Oddson skýrði út að frá upphafi hefðu félagsgjöld dekkað fasta kostnað af rekstri flugvélar FKM ss. Tryggingar og skýlisleigu mm.

Jamil Allansson taldi að það væri tímabært að hækka félagsgjöldin til að mæta auknum rekstrarkostnaði klúbbsinns.

Fundurinn sættist síðan á að halda félagsgjöldum klúbbsinns óbreyttum að sinni og var það samþykkt einróma.

11. Valdimar las upp nöfn 5 nýrra félaga sem gengu í klúbbinn á árinu og bar þau upp til samþykktar sem að fundurinn samþykkti einróma.

Nýir félagar eru:

Guðjón Sverrir Guðmundsson

Óskar Örn Arnarson

Sara Vöggsdóttir

Hjörleifur Jóhannesson

Haukur Gottskálksson

12. Önnur mál :

a. Stjórn FKM hefur borist erindi frá eiganda Skýlis 3, Jóhanni Kristinsyni. Orri las upp kynningu á erindinu sem fjallar um endurnýjun og stækkun á Skýli 3 og klúbbhúsi FKM (sjá hjá lagða greinargerð).

Stjórn óskaði eftir umboði aðalfundar til að fara í nauðsinlega vinnu við undirbúning þessa verkefnis með eygendum skýlis 3 og bæjarstjórn Mosfellsbæjar.

Nokkrar umræður spunnust um erindið og var ákveðið að skipta því í tvennt.

Annas vegar að veita stjórn heimild til að ganga til samninga við eiganda Skýlis 3 um útfærslu á viðhaldi skýlisinn og hvernig hann kæmi að viðhaldi klúbbhúss FKM sem m.a. fæli í sér klæðningu á klúbbhúsinu. Og að veita stjórn heimild til stækkunar félagsheimilisinns til vesturs sem nemur lengd Skýlis 3 til vesturs.

Sú tillaga var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Hins vegar að veita stjórn heimild til að ganga til viðræðna við eiganda Skýlis 3 um stækkun á Skýli 3. Og að afla upplýsinga um útfærslu verksinns og að stjórn mundi

kynna og fá samþykki félagsfundar á hugmyndum að stækkun Skýlis 3 áður en að nokkrar framkvæmdir hæfust við stækkun.

Þessi tillaga var borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

b. Halldór Jónsson sagði að það væru hugmyndir um að hafa opið hús í klúbbhúsi FKM þegar Redbull Air Race keppnirnar stæðu yfir og varpa upp á skjá beinum útsendingum af keppnunum, þetta lagðist vel í fundinn.

c. Halldór Jónsson sagði að í vor stæði til að halda GoBoko kynningu, en það er kerfið sem FKM notar til að bóka flugvél klúbbsinns TF-RJC. Valdimar Einarsson stakk upp á hvort ekki væri hugmynd að flétta inn í þann fund einskonar „FKM local Flight Safety fund“ þar sem að farið yrði umgengni reglur svæðisinns og notkunarreglur TF-RJC.

d. Finnur Logi Jóhannsson vakti athygli fundarins á fræsinu sem að er á veginum að aðstöðu FKM. Hann benti á að þar sem þetta væri ekki malbik heldur fræs yrði að passa sig á að aka ekki alltaf í sömu hjólförum og einnig að passa sig á að ekki aka ofan í holur sem væru að myndast.

e. Valdimar Einarsson vakti athygli á öryggismáum við „fluglínu“ á W&W hátíðunum. Þar þyrfti að gera stóra bragabót á til þessa að forða því að þar geti orðið óhöpp eða slys. Bað hann fundarmenn um að upphugsa aðferðir sem myndu minka líkur á því að óhöpp eða slys yrðu á hátíðunum.

f. Guðfinnur Traustason spurði hvort að einhverjar hugmyndir væru um að setja upp hleðslustöð fyrir rafbíla, sem að stjórn svaraði að það hefði ekki komið til tals.

Orri skýrði út að þá þyrfti að efla rafstreng þann sem lægi til svæðisinns en það gæti jafnvel verið möguleiki á að gera það í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir á Skýli 3.

Fundi slitið kl.: 11:35

Valdimar Einarsson, Ritari FKM